

85 Útaf þessu skal yður hjermeð þjónustusamlega til vitundar gefið, að nauðsyn-
8. júl. legt er, að sú regla, sem viðhöfð verður í þessu tilfelli, sje miðuð við lagaskipun þá, sem er hjer á landi, en einsog ráðgjafinn hefur álitid í líku tilfelli (sbr. Stjórnartíð. 1881 B. bls, 52) eru það reglurnar um meðferð á ómyndugra fje, sem næst liggur að beita í þessu tilfelli, og ber þessvegna að skipa fjárhaldsmann yfir fje því, er ofannefndur Hjörtur hefur látið eptir sig hjer á landi, og fjárhaldsmaður þessi að standa undir tilsjón hlutaðeigandi yfirfjárráðanda á sama hátt og fjárhaldsmenn ómyndugra. Þetta fjárhald á síðan að standa þangaðtil annaðhvort eigandi fjármuna þeirra, er hjer ræðir um, kemur aptur fram, eða eignir hans, samkvæmt konungsbrjefi 9. nóv. 1825, mega renna til erfingja hans eða í landssjóð.

86 Gjafabrjef ekkjunnar Þórunnar Sveinsdóttur á Eyjum, sem dó haustið 1882, til fátækra í Breiðdalshreppi, dags. 29. septbr. 1867. — Það mjer undirskrifaðri og manninum mínum, Sigurði sál. Jónssyni, varð ekki lífserfingja auðið, höfðum við sameiginlega ásett, að gefa nokkurn part af eignum okkar fátækum, en þó þetta væri ekki framkvæmt áður en hann andaðist, þá gjöri jeg nú með brjefi þessu vitanlegt, að jeg gef fátækum í Breiðdalshreppi eptir minn dag 500 rbd. (fimmhundrað ríkisdali) í konunglegu skuldabryfi óuppsegjanlegu Litr. A. Nr. 13189 með 4ra ríkisdala leigu af 100 árlega, með því skilyrði, að vextir af skuldabryfi þessu sju árlega brúkaðir til útbýtingar og styrktar einum eða fleirum þeim þurftugustu og verðugustu af búendum hreppsins, sem sje undir álitu sveitarstjórnarinnar, þó sje þetta óviðkomandi jafnaðarreikningum hreppsins, en standi undir yfirumsjón amtmannsins í norður- og austurumdæminu, og sje vöxtunum árlega útbýtt með hans samþykki. Sju engir þeir í hreppnum eitt eða fleiri ár, sem nauðsynlega þurfa aðstoðar við, skulu vextirnir geymdir hjá hreppstjóranum og útbýttast síðan nær þörf gjörist uppá sama máta og áður er ákveðið. Skuldabryf þetta skal ætíð vera geymt hjá sveitarstjórunum og skulu þeir annast um, að fá árlega vextina og útbýta þeim sanngjarnlega.

Hvorki má skuldabryf þetta seljast, veðsetjast eða með nokkru móti afhenda ast öðrum, heldur sje það eptir minn dag æfinleg eign fátækra búenda í Breiðdalshreppi eptir þessum fyrirmælum mínum.

Þessu til staðfestu mitt undirskrifað nafn.

Eyjum þann 29. september 1867.

Þórunn Sveinsdóttir.

Í viðurvist undirskrifaðra votta hefur madama Þórunn Sveinsdóttir kannast við, að hún hafi undirskrifað framanskriafað gjafabrjef, og lýst því yfir, að það væri einlægur vilji hennar að gjöfin stæði óbrygðul eptir sinn dag, og var hún þá með fullri rænu og skynsemi.

þetta viljum við staðfesta með eiði hvenær sem krafizt verður.

Eyjum þann 29. september 1867.

Vottar:

J. Árnason, S. Björgólfsson.